

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Skógarböðin Ytri-Varðgjá.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 6. maí 2021 deiliskipulag fyrir baðstaðinn Skógarböð í landi Ytri-Varðgjár skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er um 2,6 ha að flatarmáli og er í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins skilgreint sem verzlunar- og þjónustusvæði (VP22). Skipulagið tekur til byggingar baðhúss allt að 1.200 fm að stærð auk baðlaugar, bílastæðis og aðkomuleiða.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 28. júní 2021.

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2021